



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Flugvallarvegi 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.10.2018  
Tilv.:1806864 / MDB

**Efni: Hafsúlan - reykur í vélarrúmi**

Vísað er til skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa nr. 17015S009 þar sem reykur kom upp í vélarrúmi Hafsúlunnar, sknrnr. 2511.

Nefndin ályktar að orsök atviksins hafi verið að tengi við aðra aðalvél rifnaði og myndaðist við það mikill reykur. Meðal þess sem fram kemur í skýrslunni er að skipið hafi ekki verið búið reykköfunartækjum fyrir skipverja þar sem ekki sé gerð krafa um það fyrir gömlum farþegaskip undir 24 metrum að lengd. Nefndin leggur því til að reglur verði settar um reykköfunarbúnað í gömlum farþegaskipum undir 24 metrum að lengd.

Samgöngustofa hefur farið yfir skýrsluna og er það mat Samgöngustofu að þetta tiltekna atvik gefi ekki tilefni til að gera þær breytingar sem nefndin leggur til þar sem ekki verður séð að reykköfunartæki hefðu breytt nokkru um atvik málsins.

Samgöngustofa mun aftur á móti skoða hvort almennt sé rétt að gera kröfu um reykköfunartæki í gömlum farþegaskipum undir 24 metrum.

Virðingarfyllst

Jón Bernóðusson  
fagstjóri rannsókna og þróunar

Magnús D Baldursson  
lögfræðingur